



Skýrsla um gagnsæi

27.05.2018

ÍSLENSKIR ENDURSKOÐENDUR EHF.

Skýrsla um gagnsæi 2017.

Úr lögum um endurskoðendur.

■29. gr. Skýrsla um gagnsæi.

Endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu árlega birta á vefsetri sínu skýrslu um gagnsæi. Skýrslan skal birt eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers reikningsárs.

Í skýrslu endurskoðunarfyrtækis um gagnsæi skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a. lýsing á félagsformi og eignarhaldi,
 - b. lýsing á lagalegu og skipulagslegu fyrirkomulagi samstarfsfyrtækja endurskoðenda sem það kann að tilheyra,
 - c. lýsing á stjórnskipulagi þess,
 - d. lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi og yfirlýsing frá stjórn um skilvirkni þess, e. upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit fór fram, sbr. 22. gr.,
 - f. skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem það hefur annast lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári,
 - g. upplýsingar um óhæðisreglur ásamt staðfestingu um að þeim hafi verið fylgt, h. upplýsingar um endurmenntunarstefnu, sbr. 7. gr.,
 - i. upplýsingar um heildarveltu, sundurliðað eftir þóknun fyrir endurskoðun og aðra þjónustu á næstliðnu fjárhagsári,
 - j. upplýsingar um grundvöllinn fyrir starfskjörum eigenda.
- Skýrslan um gagnsæi skal undirrituð af stjórn endurskoðunarfyrtækis, sbr. 3. gr., eða af viðkomandi endurskoðanda ef hann er sjálfstætt starfandi.
- Eftirlit með skýrslum um gagnsæi er í höndum endurskoðendaráðs.

Staðfesting stjórnar.

Skýrsla Íslenskra endurskoðenda ehf um gagnsæi fyrir árið 2016 er gerð samkvæmt 29. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Samkvæmt þeim ber endurskoðunarfyrtækjum sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum að birta á vefsvæði sínu skýrslu um gagnsæi.

Í skýrslunni koma fram þau atriði sem kveðið er á um að koma skuli fram í fyrrnefndum lögum og þær óhæðisreglur sem fyrirtækið fer eftir.

Stjórn Íslenskra endurskoðenda ehf staðfestir samkvæmt sinni bestu vitund að öll þau atriði sem kveðið er á um í 29. gr. laga nr. 79/2008 komi fram í skýrslunni. Þá lýsir stjórnin því einnig yfir að innra gæðaeftirlitskerfi félagsins eins og því er lýst í skýrslunni sé skilvirkt og staðfestir að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og er lýst í skýrslunni hafi verið fylgt.

Félagsform og eignarhald.

Íslenskir endurskoðendur ehf er einkahlutafélag með skráða starfsemi á sviði endurskoðunar, reikningshalds, bókhalds og skattaráðgjafar. Félagið sem var stofnað 2011 er til heimilis að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði. Félagið er með réttindi til endurskoðunarstarfa frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, endurskoðendanúmer EF-2012-001.

Eigendur félagsins eru tíu löggiltir endurskoðendur og eru þeir, Bjarki Bjarnason, Björn Ó. Björgvinsson, Guðni Þór Gunnarsson, Gunnlaugur Kristinsson, Hafsteinn V. Halldórsson, Magnús G. Benediktsson, Ómar Kristjánsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Sævar Þór Sigurgeirsson, Kristinn Sigtyggsson.

Félagið er aðili að alþjóðafyrirtækinu CH International Ltd(CHI). Félagið CHI innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. CHI og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. CHI og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Eigendur eru aðilar að fagfélögum á sínu sviði og lúta þeim lögum og reglum sem þar gilda.

Stjórnskipulag.

Stjórnskipulag félagsins eins og það er tilgreint í samþykktum þess er eftirfarandi:

1. Hluthafafundir
2. Stjórn félagsins
3. Framkvæmdastjóri

Stjórn félagsins er skipuð fjórum mönnum sem allir eru hluthafar. Stjórn félagsins er þannig skipuð:

Gunnlaugur Kristinsson , stjórnarformaður.

Björn Björgvinsson meðstjórnandi,

Ómar Kristjánsson meðstjórnandi,

Sveinbjörn Sveinbjörnsson meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri félagsins er Guðni Þór Gunnarsson, sem jafnframt er hluthafi.

Innra gæðaeftirlitskerfi.

Gæðaeftirlitskerfi félagsins er í samræmi við alþjóðlegan staðal um gæðastjórnun innan endurskoðunarstofa (e. International Standard on Quality Control 1, ISQC 1.) Kerfið tekur einnig mið af siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics) sem og alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun í verkefnum (ISA 220). Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi eiga að innihalda samkvæmt ISQC 1, en þeir eru

- Ábyrgð stjórnenda á gæðamálum
- Siðferðislegar kröfur, þar á meðal óhæðiskröfur
- Samþykkt nýrra og áframhaldandi viðskiptasambanda
- Mannauðsmál
- Framkvæmd verkefna/gæðaeftirlit verkefna
- Vöktun

Ofangreind atriði eru nánar útlistuð í gæðahandbók félagsins, sem samþykkt var í desember 2011.

Gæðastjóri félagsins er Guðni Þór Gunnarsson.

Gæðaeftirlit.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Gæðaeftirlit var framkvæmt á árinu 2014 og var það án athugasemda.

Einingar tengdar almannahagsmunum.

Íslenskir endurskoðendur ehf annast endurskoðun fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Óhæðisreglur.

Innan félagsins er farið eftir siðareglum FLE en skv þeim ber endurskoðandanum og öllum starfsmönnum félagsins að vera óháðir bæði í reynd og ásýnd gagnvart viðskiptavinum félagsins þegar um endurskoðunarverkefni er að ræða. Starfsmenn skrifa undir sérstaka óhæðis yfirlýsingu þegar það á við. Brýnd er fyrir starfsmönnum þagnarskylduákvæði, sem ekki fellur niður við starfslok, sbr 30. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur og starfsmenn þeirra.

Endurmenntunarstefna.

Starfsmenn sækja endurmenntun á vegum sinna fagfélaga og aðra endurmenntun sem fellur að þeirra starfsviði, þar sem hún er í boði. Samkvæmt 7. gr laga nr. 79/2008 er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Innan félagsins er haldið utan um alla endurmenntun þannig að þessi ákvæði séu virt.

Upplýsingar um heildarveltu.

Heildarvelta félagsins árið 2017 var um 5,3 mkr. Sem skiptist á milli tekna vegna endurskoðunarverkefna um 5,3 mkr. og annarra verkefna um 0 mkr.

Upplýsingar um starfskjör eigenda.

Starfskjör eigenda taka mið af ábyrgð og umsjón gagnvart viðskiptavinum og ábyrgð á innra starfi og stjórnun félagsins hinsvegar. Eigendum er umbunað til hvatningar á þróun félagsins bæði á faglegu og viðskiptalegu sviði.